

## Hrósmiðar– umbun

1. Hver starfsmaður sækir hrósmiða til aðstoðarskólalastjóra.
2. Þegar starfsmaður verður vitni að æskilegri hegðun nemanda/nemenda skal hann gefa hrósmiða. Hópar og bekkir geta einnig fengið hrósmiða.
3. Umsjónarkennari tryggir að allir fái a.m.k. þrjá til fjóra hrósmiða fram að næstu umbun.
4. Þegar nemandi fær hrósmiða getur hann tekið hann með sér heim til að sýna foreldrum/forráðamönnum en kemur með hann aftur og afhendir umsjónarkennara eða setur á viðeigandi stað.
5. Miðunum er safnað saman í heimastofu. Frístund safnar sérstaklega fyrir sig.
6. Umbun skal veitt þegar tilteknum miðafjölda er náð þ.e. átta sinnum fjöldi nemenda í bekknum. Viðmiðið er að það gerist á hverju þriggja til fjögurra vikna tímabili. Hugmyndabanki er settur upp að hausti eða jafnvel tvisvar á skólaárinu þar sem skráðar eru hugmyndir bekkjarins og hver umbun notuð einu sinni (dregið eða valið). Markmiðið er að aðeins einu sinni á önn sé umbun þar sem koma má með sælgæti, kökur eða horfa á mynd.
7. Ekki er hægt að taka hrósmiða til baka sem búið er að gefa.
8. Tvisvar á skólaárinu (einu sinni á hvorri önn) er stefnt að því að fara í 100 miða leikinn. Á hverjum degi í 10 daga fá tveir starfsmenn 10 sérmerкта hrósmiða sem þeir eiga að afhenda nemendum yfir daginn. Í lok leiksins hafa þá safnast 100 miðar (sjá aftar í sama kafla).
9. SMT hátíð skólans. Stefnt er að því að halda þá hátíð einu sinni á skólaárinu þegar nemendur hafa í sameiningu safnað 15.000 hrósmiðum. Ákveðið hverju sinni hvernig þessi skráning fer fram.



## Umbunamöguleikar – hugmyndir

### Útivera/ferðir

Gönguferð með nesti  
 Útitími  
 Hjólatúr  
 Fjöruferð  
 Bryggjuferð  
 Sleðaferð  
 Strætisvagnaferð  
 Vísindaferð  
 Leikir úti  
 Gefa öndunum brauð  
 Gervigras við Giljaskóla  
 Þrautabraut úti  
 Stöðvar – keila, golf, karfa, fótbolti  
 Klifurveggur  
 Ferð á Amtsbókasafnið  
 Ferð á önnur söfn  
 Ferð á Punktinn (kjallara Rósenborgar)  
 Ferð í Bogann  
 Tilboð frá foreldrum

### Innivera

Spilatími  
 Dótadagur  
 Leikir inni  
 Bingó  
 Myndband  
 Þrautabraut í stofu  
 Kökuboð/kökudagur  
 Náttfatapartí/Öðruvísi dagur  
 Baka köku  
 Félagsvist  
 Sögustund  
 Búðarleikur  
 Frjáls tími  
 Spurningakeppni  
 Popp og djús  
 Andlitsmálun  
 Fá heimsókn  
 Búningadagur  
 Ball  
 Bókasafn  
 Föndra  
 Tattú  
 Skák  
 Segja brandara/gátur  
 Koma með hamborgara að heiman  
 Íþróttahúsið